

Skólaráðsfundur í Patreksskóla 19. maí 2026 kl. 15.00

Mætt: Arna Margrét, Jónína, Jóhanna Kristín, Maggý, Guðrún, Lilja, Helga

1. Skólareglur. Jónína segir frá þeirri vinnu sem við erum búin að vinna undanfarið í tengslum við nýjar skólareglur. Vinnan hefur gengið vel og allir að æfa sig í þessu. Svo förum við á fullt skrið í haust. Leggst vel í alla að hafa skýran og góðan ramma þegar kemur að agabrotum. Nemendur og foreldrar voru vel upplýstir.

2. Skólastarfið. Jónína sýnir okkur skjal í tengslum við innra mat, stjórnun, nám og kennslu og gæðaviðmið skólans. Sýnir hvernig þessi vinna fer fram hjá okkur yfir skólaárið. Í skjalinu kemur fram hvað gengur vel og hvað má bæta. Þessu er skipt upp og misjafnt hvað er tekið fyrir á hverju skólaári. Hægt að sjá upplýsingar um það á heimasíðu skólans. Margar áætlanir skólans hafa verið uppfærðar á þessu skólaári. Jónína sýnir uppfærða Læsisstefnu sem gildir í öllum leik- og grunnskólum Vesturbyggðar.

3. Þátttaka foreldra. Jónína ræðir um áhyggjur sínar um mætingu foreldra á upplýsingafundi og fræðslu á vegum skólans.

Fundi slitið kl. 15.30.

Fundarritari: Arna Margrét Arnardóttir